

Hvalfjarðarsveit, 20. ágúst 2020

Akbrautin ehf
Jónas Sigurgeirsson
Dalbraut 16
300 Akranes.

Hinn 28. Júlí 2020 barst Heilbrigðiseftirliti Vesturlands (HeV) umsókn Akbrautar ehf. um starfsleyfi fyrir bílamálun og réttingar í húsnæði fyrirtækisins að Dalbraut 16 á Akranesi. Með umsókn fylgdi einnig teikning af húsnæðinu.

Rekstur fyrirtækisins er áætlaður í afmörkuðum hluta húsnæðis að Dalbraut 16. Stærð verkstæðisins er um 100 fm, þ.m.t. sprautuklefi og starfsmannaaðstaða. Í húsnæðinu er vinnusalur með einni bílalyftu þar sem m.a. réttingar og undirbúningsvinna fer fram áður en bifreið er máluð.

Inn af vinnusalnum er sprautuklefi sem er um 7x4 m að stærð. Sprautuklefinn er lagður steinflísum á gólfi og er þar eitt niðurfall í gólfi tengt olíuskilju. Síubúnaður síar loft sem kemur inn og út úr klefanum. Inntakssía er endurnýjuð á u.þ.b. árs fresti en útloftunarsía er endurnýjuð einu sinni í mánuði.

Inn af vinnusal er einnig geymsla og starfsmannaaðstaða. Í geymslunni eru lakkefni geymd ásamt sprautukönnum ofl. Geymslan er loftræst með vélrænni loftræsingum og er sprautukönnuhreinsivél sem þar er einnig staðsett, tengd við loftræsikerfið.

Vegna hugsanlegrar hávaðamengunar var kannað með hávaða frá loftræsibúnaðinum. Hávaði frá búnaðinum var óverulegur.

Efni og úrgangur sem fellur til á verkstæðinu er fluttur til förgunar reglulega til viðurkennds móttökuaðila.

Í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit skal auglýsa tillögu að starfsleyfi á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, www.hev.is.

Starfsleyfistillagan verður í auglýsingu á heimasíðunni í 4 vikur og gefst einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum færi á að gera athugasemdir við tillöguna fyrir 18. september 2020.

Starfsleyfisdrögin verða einnig send sérstaklega til Akraneskaupstaðar með sama tímafresti til að gera athugasemdir.

Á.G.

Samrit:
Akraneskaupstaður



Starfsleyfi

bílasprautunar- og réttingarverkstæði

Nafn fyrirtækis: Akbrautin ehf.

Kennitala: 620220-0960

Heimilisfang: Dalbraut 16

Póstnúmer: 300 Akranes

Nafn forsvarsmanns: Jónas Sigurgeirsson

Fasteignarnr: 210-0544

Netfang: akbrautin@outlook.com

Sími: 866-5633

Útgáfudagur leyfis: september 2020

Gildir til: september 2032

1. Almenn atriði

Fyrirtækið skal hlíta ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og auglýsingar nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar. Einnig ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda á hverjum tíma og meðfylgjandi skilyrðum á fylgiskjali.

Fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Ef fyrirtækið flytur, fellur starfsleyfið úr gildi.

Um starfsumhverfi og öryggi starfsmanna fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Óheimilt er að framselja starfsleyfið til nýs rekstraraðila.

Skyld er að framvísa leyfinu hvenær sem opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal endurskoðað að jafnaði á 4 ára fresti.

Leyfið er útgefið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 og reglugerðar nr. 550/2018.

2. Gjaldskylda

Fyrirtækið skal árlega greiða eftirlitsgjald í samræmi við gildandi gjaldskrá þar um. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við reglubundið eftirlit og sýnatökur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

Gjaldið má innheimta með fjárnámi. Gjaldið er tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi eða þjónusta er tengd notkun fasteignar.

Tilkynna skal leyfisveitanda ef starfsemin verður lögð niður.

Fylgiskjal

með starfsleyfi bílasprautunar- og réttingarverkstæðis

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

- 1.1. Heilbrigðisnefnd Vesturlands veitir fyrirtækinu Akbrautin ehf., kt. 620220-0960 starfsleyfi fyrir sprautu- og réttingarverkstæði í hluta húsnæðis að Dalbraut 16 á Akranesi skv. fyrirbyggjandi umsókn og teikningu.
Forsvarsmaður er Jónas Sigurgeirsson
- 1.2. Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda verði hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag.
- 1.3. Heilbrigðisnefnd getur sett ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.
- 1.4. Ef fyrirtækið er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi skilyrði.

2. ÁSÝND LÓÐAR OG LÓÐARMÖRK

- 2.1. Fyrirtækið skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en fyrirtækið hefur til afnota.
- 2.2. Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. bílhræ, bílhluti og annan úrgang á lóð þannig að snúi að almenningi eða geti valdi slyshættu.
- 2.3. Gámum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.
- 2.4. Bifreiðum, sem bíða viðgerða, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði fyrirtækisins.

3. MENGUNARVARNIR

- 3.1 Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.
- 3.2 Olíuskilju skal setja við fráveitulögn þar sem vinna með olíur fer fram. Stærð, gerð og staðsetning gildru skal ákveðin í samráði við heilbrigðiseftirlit og byggingarfulltrúa.
- 3.3 Hafa skal reglubundið eftirlit með mengunarvarnabúnaði og hreinsa hann reglulega.
- 3.4 Þar sem hætta er á að fljótandi úrgangur, olíur eða olíuefni fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar s.s. blautsugu, tvist eða sag.
- 3.5 Við sprautuklefa skal komið fyrir síubúnaði sem hindrar að málning- eða lakkúði berist út fyrir húsnæðið. Sama er að segja um lykt frá hreinsiefnum eða lökkum.
- 3.6 Fara skal að ákvæðum reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða vegna rekstursins.

4. SPILLIEFNI OG ANNAR ÚRGANGUR

- 4.1 Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.
- 4.2 Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.
- 4.3 Úrgang skal flytja til eyðingar eða endurvinnslu. Urðun eða brennsla á úrgangi er óheimil á athafnasvæði fyrirtækisins. Endurvinnsla eða eyðing er einungis heimil á stöðum sem hafa til þess starfsleyfi.

5. GILDISTAKA OG AÐGANGUR AÐ UPPLÝSINGUM

- 5.1 Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og ákvæði reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og öðlast þegar gildi.
- 5.2 Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt lögum nr. 23/2006 um upplýsingarétt um umhverfismál, upplýsingalög nr. 140/2012 og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.